



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

Hjúkrun fullorðinna 2

HJÚK2TV05

Kennari:	Sigrún Ína Ásbergisdóttir (SÍA) sigrun.ina.asbergisdottir@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Fjallað er um hjúkrun sjúklinga með bráða og langvinna sjúkdóma sem tengjast eftirtöldum kerfum líkamans: Taugakerfi, innkirtlakerfi, ónæmiskerfi og stoðkerfi ásamt umfjöllun um smitgát, sár og sárameðferð, verki og verkjameðferð.

Í áfanganum er lögð áhersla á tengingu fræðilegrar þekkingar við skipulagningu og framkvæmd hjúkrunar.

Undanfari: HJÚK1AG05 og HJVG1VG05.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Áhrifum bráðs og langvinnis heilsubreysts á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga.
- Mikilvægi hjúkrunarskráningar.
- Hjúkrun sjúklinga með sjúkdóma í taugakerfi, innkirtlakerfi, ónæmiskerfi og stoðkerfi.
- Smitgát, sárum og sárameðferð, verkjum og verkjameðferð.
- Algengum sáraumbúðum og mismunandi notagildi þeirra.
- Undirbúningi og eftirmeðferð vegna rannsókna og skurðaðgerða.
- Smitgátarvinnubrögðum.
- Verkjameðferð, annarri en lyfjum.
- Helstu einkennum illkynja sjúkdóma í þeim líffærakerfum sem fjallað er um í lýsingu.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Sýna skjólstæðingi og aðstandendum stuðning og umhyggju.
- Greina á milli mismunandi hjúkrunarþarfa langveikra, bráðveikra og mikið veikra sjúklinga.
- Vinna eftir viðurkenndri hjúkrunarskráningu.
- Leiðbeina skjólstæðingum með athafnir daglegs lífs með tilliti til áhrifa sjúkdómsástands á sjálfsumönnun og heilsu.
- Útskýra almennan og sérhæfðan undirbúning og eftirlit sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir.
- Nota viðeigandi smitgátarvinnubrögð.
- Nota mismunandi sáraumbúðir.
- Útskýra mismunandi verkjameðferðir.

- Útskýra algengar aukaverkanir meðferða vegna illkynja sjúkdóma.
- Taka þátt í þverfaglegri vinnu í meðferð skjólstæðinga.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka þátt í að undirbúa skjólstæðinga fyrir rannsóknir og aðgerðir.
- Geta nýtt sér hjúkrunarskráningu í starfi.
- Bregðast við breytingum á ástandi sjúklings á faglegan hátt.
- Sýna smitgát í verki.
- Miðla upplýsingum um mismunandi verkjameðferðir.
- Miðla þekkingu sinni í þverfaglegri vinnu.

Námsefni: Hjúkrun 2. þrep (Hjúkrun fullorðinna).

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetningar	Viðfangsefni
34	19. - 25. ágúst	1. - 4. kafli.
35	26. ágúst - 1. september	5. kafli.
36	2. - 8. september	6. - 7. kafli.
37	9. - 15. september	13. kafli.
38	16. - 22. september	14. kafli.
39	23. - 29. september	15. kafli.
40	30. september - 6. október	16. kafli.
41	7. - 13. október	17. kafli.
42	14. - 20. október	18. kafli.
43	21. - 27. október	19. kafli.
44	28. október - 3. nóvember	20. kafli.
45	4. - 10. nóvember	Flutningur lokaverkefnis. Upprifjun fyrir lokapróf.
46	11. - 17. nóvember	PRÓFAVIKA.
47	18. - 24. nóvember	VERKNÁM BYRJAR.

Sérreglur áfangans:

Nemandi skal skila verkefnum á tilsettum tíma og standast mætingareglur skólans (nema um annað hafi verið samið við kennara) til að öðlast próftökurétt.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Tímaverkefni	4 verkefni yfir önnina.	20%
Lokaverkefni	Skil lokaverkefnis og flutningur.	20%
Lokapróf	Skriflegt lokapróf í viku 46.	60%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 19. ágúst 2024.

Sigrún Ína Ásbergsdóttir.